# *Nr. 075 / 10 Guðmundur rauði RE 37*

## *Vélarvana og dreginn til hafnar*

*Skipaskr.nr.* 7037
*Smíðaður:* Hafnarfirði 1987 plast
*Stærð:* 6,2 brl. 4,9 bt.
*Mesta lengd:* 7,73 m *Skráð lengd:* 7,65 m
*Breidd:* 2,68 m *Dýpt:* 1,44 m
*Vél:* Ford Mermade 57 kW 1987
*Fjöldi skipverja:* 1




Guðmundur rauði©Hilmar Snorrason

***Gögn:***
*Gögn RNS*

*Málið afgreitt á fundi 11. október 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagni í opinberu máli.*

### *Atvikalýsing:*

Þann 3. júní 2010 var Guðmundur rauði RE 37 á siglingu í Miðnessjó. Veður: SA 4–5 m/sek.

Þegar eftir var um 4 til 5 sml af siglingunni inn til Sandgerðis dró niður í vélinni og ákvað bátsverjinn að stöðvaða hana. Hann óskaði eftir aðstoð og dró Sæljós GK bátinn til hafnar.

### *Við rannsókn kom fram:*

- að um olíustíflu var að ræða. Skipt var um síur og lofttæmt en ekki tókst að ná olíunni upp. Í ljós kom að mikil óhreinindi voru í olíutanknum og var um 10 sm leðja í botni hans;
- að við að reyna að dæla olíunni upp var startarinn notaður til að snúa vélinni en við það bræddi hann úr sér.

### *Nefndarálit:*

Nefndin ályktar ekki í málinu en bendir á mikilvægi þess að olíutankar séu hreinir.